

Nd.

561. Frumvarp til laga

[279. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Útskála í Gerðahreppi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gerðahreppi jörðina Útskála í Gerðahreppi fyrir það verð, sem um semst eða ákveðið verður að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Gerðahrepps. Ástæðan til þess, að hreppsnefndin fer þessa á leit, kemur fram í eftirfarandi bréfi:

„Hér með fer ég þess á leit við yður, herra alþingismaður, að þér flytjið fyrir hönd Gerðahrepps frumvarp á Alþingi um, að það heimili sölu kirkjujarðarinnar Útskála í Gerðahreppi.

Ástæðan fyrir þessari beiðni er sú, að brýn þörf er á því, að sveitarfélagið hafi ráðstöfunarrétt á byggingarlóðum í hreppnum, þar sem illmögulegt er að láta skipuleggja landið, hafi sveitarfélagið ekki ráð á því.

F. h. hreppsnefndar Gerðahrepps,

Björn Finnbogason.“